

Tillögur starfshóps vegna átaks í húsnæðismálum

Starfshópur sem skipaður var í febrúar sl. af umhverfis- og auðlindaráðherra hefur skilað skýrslu sinni til ráðherra um tillögur átakshóps í húsnæðismálum varðandi skipulagsmál.

Starfshópurinn hafði það hlutverk að fjalla um fjórar af [40 tillögum átakshóps um húsnæðismál](#) en átakshópurinn var [skipaður af forsætisráðherra](#) og hóf störf í desember 2018, í tengslum við gerð lífskjarasamninga.

Tillögurnar fjórar lutu allar að skipulagsmálum og höfðu það m.a. að markmiði að lækka byggingarkostnað og stytta byggingartíma. Helstu tillögur starfshópsins eru eftirfarandi:

- Gerðar verði breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 þannig að lágmarksfrestur til að gera athugasemdir við tillögu að deiliskipulagsbreytingum sem varða íbúðarhúsnæði og eru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum verði fjórar vikur í stað sex vikna.
- Stuðlað verði að aukinni stafrænni stjórnsýslu og unnið að innleiðingu skipulagsgáttar eins fljótt og hægt er, m.a. með breytingu á skipulagslögum.
- Skipulagsstofnun ráðist í fræðsluáttak um skipulagsgerð í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Greind verði nánar þörf á skammtímahúsnæði og æskilegu fyrirkomulagi fyrir slíkt.
- Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga verði nýttar til að ákveða og útfæra blöndun byggðar.
- Unnið verði með tillögur OECD um skipulagsmál sem kynntar verða í lok september nk.

Gert er ráð fyrir að frumvarp til breytinga á skipulagslögum í samræmi við framangreindar tillögur verði lagt fram á Alþingi í október.

Hér má nálgast [skýrslu starfshópsins](#).